

V. Tillaga til 414. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. mars 2018

Tillaga Í-lista að ályktun vegna veiðigjalda.

Veiðigjöld og samkeppnisumhverfi

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hvetur ríkisstjórn Íslands og Alþingi til að leita allra leiða svo koma megir í veg fyrir alvarleg áföll í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum sem blasa nú við. Ástæða þess að horfur eru slæmar er að þessi fyrirtæki eru illa í stakk búin til þess að taka á sig griðarlega hækkun veiðigjalda. Bæjarstjórn styður álagningu skynsamlegra veiðigjalda en flest eða öll vestfirsku sjávarútvegsfyrirtækin áttu ekki kost á þeirri góðu afkomu sem varð í sjávarútvegi árið 2015 og myndar grunn að háum veiðigjöldum á árinu 2018. Lykilinn til að sigrast á þessu verkefni er að þekkja það og því ætti, án tafar, að fela til þess bærum stofnunum ríkisins að kanna áhrif veiðigjaldanna á efnahagslíf á Vestfjörðum – fyrirtækin og sveitarfélögin, en fyrst og fremst samfélögin.

Grípa þarf strax til aðgerða til að forða bráðu tjóni á Vestfjörðum. Í framhaldinu er nauðsynlegt að ríkisstjórn og Alþingi geri leiðréttingar á því samkeppnisumhverfi sem gerir sjávarútvegsfyrirtækjum illmögulegt að blómstra á Vestfjörðum, þrátt fyrir hið mikla návígi við auðugustu fiskimið Íslands. Augljóst úrræði væri t.d. að innheimta veiðigjöld yrðu nýtt til að fjárfesta í innviðum atvinnulífs og samfélags á Vestfjörðum.

Umframkostnaður sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum vegna aðstöðumunar hefur á síðustu áratugum gert það að verkum að fyrirtækin hafa farið halloka í hinu harða samkeppnisumhverfi sem kvótakerfið leiðir af sér. Ein umtalaðast afleiðingin af þessu er hve miklar aflaheimildir hafa verið keyptar frá Vestfjörðum frá árinu 1990. Skert samkeppnistáða stafar fyrst og fremst af kostnaðarsömum og erfiðum samgöngum, sem gera öflun aðfanga og þjónustu mun óhagkvæmari en víðast annars staðar. Fjarlægð fyrirtækjanna frá millilandaflugvelli, sem annars gæti gert þeim mögulegt að flytja ferskar afurðir með flugi til útlanda, skerðir möguleika þeirra í vali á vinnsluaðferðum. Einnig má nefna að strandflutningar lögðust af um margra ára skeið með miklum kostnaðarauka – þeir hófust sem betur fer aftur árið 2013, fyrir þrýsting frá stjórnvöldum, en á árinu 2017 hófu flutningafyrirtæki hinsvegar að leggja á sérstakt strandflutningagjald sem eykur samkeppnishindranir á nýjan leik. Að auki má benda á skert aðgengi að fjármagni og hærri fjármagnskostnað í boði íslenskra lánastofnana og lífeyrissjóða.

Mikil hækkun kostnaðar af veiðigjöldum kemur sér illa fyrirtækjum í erfiðum rekstri og með skerta samkeppnisstöðu. Veiðigjöldin nú byggjast á góðu árferði árið 2015 - árferði sem nýttist hinum vestfirsku fyrirtækjum lítið eða ekkert en gerði betur stæðum útgerðum og útgerðum í sumum greinum sjávarútvegs kleift að styrkja verulega stöðu sína. Mörg mikilvæg sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum hafa tæplega náð endum saman undanfarið ár, m.a. eftir glímu við hátt gengi krónunnar, og hafa alls ekki burði til að taka á sig tvöföldun veiðigjalda á þessari stundu.

Að sjálfsögðu eru fyrirtækin á Vestfjörðum misjafnlega í stakk búin undir þessa álagningu, en sammerkt er með öllum þeim sem rætt hafa við Ísafjarðarbæ að þau þola ekki þessi gjöld í núverandi umhverfi. Í stað þess að ríkið komi í kjölfar gjaldþrota, með neyðaraðgerðir til að bjarga smærri byggðum, ætti að bregðast við strax, með nauðsynlegum forvarnaaðgerðum og til lengri tíma með sjálfbærum lausnum.